

Borgarstjórn Reykjavíkur
17. desember 2024

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um endurskoðun fasteignagjalda einstaklinga

Borgarstjórn samþykkir að koma á samtali við löggjafann um breytingar á fasteignagjöldum einstaklinga. Markmiðið verði að finna leiðir til að íbúðarhúsnæði sé skattlagt með tilliti til eignastöðu eiganda. Fasteignagjöld eru 0,18% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis. Gjöldin leggjast á verðmæti eigna án tillits til skuldastöðu, svo fólk sem á 10% í íbúðinni sinni greiðir það sama og þau sem eiga sína íbúð skuldlaust. Fasteignagjöld eru þannig skattur á skuldir hinna skuldugu. Lagt er til að unnið verði að því að koma á endurskoðun þannig að skattprósentan verði hækkuð, þannig að sveitarfélögin verði ekki af tekjum en að ákveðin skattleysismörk verði sett inn, t.d. á bilinu 10-12. m.kr. eða því sem nemur u.þ.b. 20% markaðsvirðis 2ja herbergja íbúðar. Unnið verði að mismunandi útfærslum sem sýni fram á hver fasteignagjöld þurfi að verða til að tryggja ákveðin skattleysismörk. Hér þarf sérstaklega að gæta þó að hópum sem eiga mögulega skuldlausu eign en ekkert mikið meira en það, t.a.m. eldri borgara sem og tekjulægri hópa sem hafa náð að eignast eigið húsnæði. Gildi þessi lækkun aðeins um húseignir einstaklinga en ekki lögaðila. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að leitast eftir þessu samtali og leggja fram mögulegar sviðsmyndir um útfærslu í borgarráði til nánari umræðu.